

Kæri nemandi, vertu velkomin í verknám á Landspítala, áður en verknám þitt hefst þarft þú að gera eftirfarandi:

- Heilsuvernd:** Uppfylla kröfur Landspítala um heilsuvernd og skila bólusetningarvottorðum fyrir grunnbólusetningum, lifrabólgu B, neikvæðu berklaprófi og ef við á, niðurstöðu úr MÓSA ræktun sjá nánar hér: [Heilsuvernd – Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala](#)

- Þagnarskylda og reglur um sjúkraskrárupplýsingar:** Skrifa undir [tvö skjöl](#) með eigin hendi: [Þagnarskyldu](#) og [reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala](#) og skila til umsjónarmanns náms. Skönnuð eintök nægja.

Nemendur sem stunda nám í skólum á Íslandi skila gögnum til umsjónarmanns náms í skóla.

Nemendur sem stunda nám í skólum erlendis skila gögnum til nemar@landspitali.is eða til umsjónarmanns á námsdeild


- Auðkenniskort*:** Gera beiðni um auðkenniskort í beiðnakerfi: audkenniskort.landspitali.is Frekari upplýsingar; sendu póst á audkort@landspitali.is eða hringdu í s. 543-1880.

*Sjá nánar [gæðaskjal 2.09.01 Auðkenniskort fyrir nemendur og kennara á Landspítala](#)

Þegar komið er á námsdeild á Landspítala:

- Aðgangur að tölvukerfum**
Stofna *Leynihólf* en í því verða framvegis aðgangsorð að rafrænum kerfum á Landspítala:

- Fara á innri vef Landspítalans (<https://innri.lsh.is/>) í Landspítalatölvu og velja þar *Leynihólfið*.
- Skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og þá opnast leynihólfið. Þar eru lykilorðin að þeim kerfum sem veittur er aðgangur að.
- Ef vandræði verða með leynihólf eða aðgang að rafrænum kerfum sendir þú póst á adgangur@landspitali.is eða hringir í þjónustuver: 543-1550.



- Logbók:** Nemar í námi erlendis þurfa strax á fyrsta degi að sýna yfirlækni/umsjónarmanni náms á deild, logbók eða markmiðalýsingu þar sem koma fram þær námskröfur sem skóli setur varðandi verknámið.

Hagnýtar upplýsingar:

Mötuneyti: Þú hefur aðgang að mötuneytum Landspítala meðan á verknámi stendur. Auðkenniskort virkjar afslátt af framreiddum mat í mötuneytum spítalans, ekki af gosi, samlokum og slíku.

Samgöngur og bílastæði við Hringbraut og í Fossvogi: Best er að nota umhverfisvænan ferðamáta til og frá Landspítala. Komir þú á einkabíl þá er nauðsynlegt að kynna sér upplýsingar um fyrirkomulag bílastæða við Landspítala á Hringbraut. Í mjög stuttu máli gildir eftirfarandi á meðan þú ert í verknámi:

- Heimilt er að leggja gjaldfrjálst í svokölluð „fjærstæði“ sem merkt eru með bláu á kortinu [sjá hér](#) en þá þarft þú að skrá bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#). Þú verður að vera með virkt auðkenniskort til að geta gert það.
- Hleðslustæði ON og nærstæði sem merkt er með rauðu á kortinu eru ávallt gjaldskyld, [sjá hér](#) og þú þarft alltaf að greiða fyrir að leggja í slík stæði þótt þú hafir skráð bílnúmerið þitt hjá [GreenParking](#).
- Ítarlegar upplýsingar um bílastæði Landspítala við Hringbraut og kort af bílastæðum er að finna [hér](#).

Við Landspítala í Fossvogi eru bæði gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði. Ætlast er til þess að bæði starfsfólk og nemar leggi í ógjaldskyld stæði. Gjaldskyld stæði næst spítalanum eru ætluð sjúklingum og aðstandendum þeirra.

Tryggingar

Samkvæmt IV kafla 29. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkaváttryggingar veita. Nemar í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.